

SKÝRSLA STJÓRNAR Stéttarfélags verkfræðinga (SV)

fyrir starfsárið
2006-2007



Efnisyfirlit

1. STJÓRN OG FÉLAGAR	3
2. FRAMKVÆMDASTJÓRI OG REKSTUR	3
3. SAMNINGANEFNDIR	3
SAMNINGANEFND VIÐ RÍKI	3
SAMNINGANEFND VIÐ REYKJAVÍKURBORG	4
SAMNINGANEFND VIÐ FRV	4
LAUNANEFND SVEITARFÉLAGA	4
4. ÚTGÁFUMÁL	4
HEIMASÍÐAN.....	4
VERKTÆKNI.....	5
ORLOFSSJÓÐUR	5
5. KJARAKANNANIR	5
6. NORRÆNT SAMSTARF	5
IDA FJALLAR UM FEÐRAORLOF	5
NIL 43	5
7. KYNNINGARMÁL	6
NEMAR Í HÍ	6
NEMAR Í HR	6
NEMAR Í DTU Í KAUPMANNAHÖFN	6
8. SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG	6
STÉTTARFÉLAG TÖLVUNARFRÆÐINGA	6
FÉLAG TÆKNIMANNA LANDSVIRKJUNAR	6
STÉTTARFÉLAG BYGGINGARFRÆÐINGA	6
LAUNÞEGAFÉLAG ARKITEKTA	6
VFÍ OG TFÍ	7
ENSÍM NEFND.....	7
9. ORLOFSMÁL	7
10. LÖGFRÆÐIADSTOÐ	7
11. UMSAGNIR UM LAGAFRUMVÖRP	7
12. VISTABÖND Í RÁÐNINGARSAMNINGUM	8
13. STEFNUMÓTUN	8
14. ÖNNUR STARFSEMI SV	8
SJÚKRASJÓÐUR SV	8
FJÖLSKYLDU- OG STYRKTARSJÓÐUR SV.....	8
VÍSINDA- OG STARFSMENNTUNARSJÓÐUR, STARFSMENNTUNARSJÓÐUR	8
15. NIÐURLAG	9

1. Stjórn og félagar

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga (SV) síðastliðið starfsár skipuðu:

➤	Jóhanna H. Árnadóttir	formaður
➤	Sveinn Víkingur Árnason	varaformaður
➤	Sveinbjörg Sveinsdóttir	fráfarandi formaður
➤	Hulda Guðmundsdóttir	gjaldkeri
➤	Sigurður E. Guttormsson	ritari
➤	Arnór B. Kristinsson	meðstjórnandi
➤	Lilja G. Karlsdóttir	meðstjórnandi
➤	Árni Ísberg	varamaður
➤	Daði Jóhannesson	varamaður

Úr stjórn ganga Daði Jóhannesson, Sveinbjörg Sveinsdóttir, Hulda Guðmundsdóttir og Sigurður E. Guttormsson. Þeim eru færðar sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt og dyggilegt starf fyrir félagið. Undirrituð, Jóhanna H. Árnadóttir, gengur einnig úr stjórn.

Alls hlutu 63 félagar inngöngu í félagið á árinu 2006. Úrsagnir úr félaginu voru 6 og 7 inngöngubeiðnum var frestað vegna ónógra gagna.

Skipting félagsmanna er sú að um 190 félagar vinna á verkfræðistofum, 210 hjá ríki, 35 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 485 á almennum markaði og 70 félagar eru í námi og erlendis og því ekki fullborgandi. Alls eru því um 990 félagsmenn í SV. Vegna einkavæðingar fækkar stöðugt þeim félögum sem starfa í opinbera geiranum.

2. Framkvæmdastjóri og rekstur

Árni B. Björnsson hefur verið framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi frá árinu 2000. Árni stýrir daglegum rekstri félagsins og situr stjórnarfundum sem og fundum á vegum nefnda þess. Ingigerður Jónsdóttir var ráðin í hálfstarf hjá félaginu síðsumars 2005. Frá 1. janúar 2007 er hún í fullu starfi hjá félaginu. Ingigerður sinnir ýmsum þjónustuverkum fyrir félagsmenn auk almennra skrifstofustarfa.

Samstarf SV og Verkfræðingafélags Íslands hefur verið að aukast stig af stigi og er samstarf félaganna gott. Þessi aukna samvinna leiðir óneitanlega til hagræðingar og bættrar þjónustu við félagsmenn félaganna. Á starfsárinu 2005-2006 voru tölvugögn SV færð yfir á sameiginlegan netþjón SV og VFÍ. Þá var félagaskrá SV færð yfir í Navision úr Fjölni. Þessar breytingar auðvelda starfsemi SV og skapa sóknarfæri inn í framtíðina.

3. Samninganefndir

Samninganefnd við ríki

Í samninganefnd SV við ríki sátu:

➤	Helga R. Eyjólfsdóttir, formaður
➤	Elín G. Guðmundsdóttir
➤	Gísli Georgsson
➤	Steingrímur Jónsson
➤	Sveinn Víkingur Árnason

Gildandi kjarasamningur er frá vordögum 2005. Samningurinn, sem gerður var í samvinnu við Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ) gildir til 30. apríl 2008.

Unnið var að gerð stofnanasamninga á starfsárinu. Þeir eru í flestum tilfellum gerðir í samvinnu við BHM félög. Samvinnan hefur í flestum tilvikum gengið vel en síðan verður metið hvort þessi leið sé fýsilegur kostur í framtíðinni. Auknar greiðslur í Lífeyrissjóð verkfræðinga er

eitt mikilvægasta atriðið í þessum kjarasamningi en með þeim er áragamalt baráttumál SV í höfn.

Samninganefnd við Reykjavíkurborg

Í samninganefnd SV við Reykjavíkurborg sátu:

- Auður Ólafsdóttir formaður
- Bjarni Guðmundsson
- Stefán A. Finnsson

Kjarasamningur gildir til 31. október 2008. Í samningnum er fallist á að taka upp starfsmatskerfi sem Reykjavíkurborg hefur verið að innleiða í sem flesta kjarasamninga. Af öðrum kjarabótum sem náðust með þessum samningi má nefna hækkanir sem voru gerðar á mótframlagi Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóði. Unnið var að starfsmati verkfræðinganna og lauk þeirri vinnu haustið 2006. Matið færði flestum félagsmönnum umtalsverðar launahækkanir en ágreiningur er uppi um menntunarálag, s.k. MSc álag sem kveðið er á um í kjarasamningnum.

Samninganefnd við FRV

Í samninganefnd við Félag ráðgjafarverkfræðinga sátu:

- Eysteinn Einarsson, formaður
- Ásberg Ingólfsson
- Ragnar Hauksson

Samninganefnd SV starfaði síðasta ár með samninganefnd KTFÍ líkt og undanfarin ár. Sameiginlegur tengiliður fyrir SV og KTFÍ er á hverri stofu. Engir samráðsfundir samninganefnda SV/KTFÍ og FRV voru haldnir. Í gildi er kjarasamningur frá 1. janúar 2005 sem gildir til 31. des 2007. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun 1. janúar 2005 um 4,9% og 1. janúar 2006 um 5,1% og 1. janúar 2007 um 4,9%. Framkvæmdastjóri SV setti fyrir hönd samninganefndanna fram ósk um auknar greiðslur í lífeyrissjóð í janúar 2006 og aftur um haustið. Erindinu var hafnað af stjórn FRV. Samkvæmt lögum hækka lágmarksgreiðslur í lífeyrissjóð í 12% frá og með 1. janúar 2007. Þegar er hafinn undirbúningur að gerð nýs kjarasamnings.

Launanefnd sveitarfélaga

Í samninganefnd við Launanefnd sveitarfélaga sátu

- Tove Skjenstad
- Árni Ísberg

Viðræður við Launanefnd sveitarfélaga voru sameiginlegar með KTFÍ og hófust skömmu fyrir páska 2006. Launanefndin vildi að félögin féllust á að gera hliðstæðan kjarasamning og önnur háskólafélög í BHM gerðu við nefndina. Þeir samningar eru talsvert frábrugðnir gildandi samningum félaganna. Samningur náðist í lok maí 2006. Hann byggir á starfsmatskerfi eldri samnings en nýrri launatöflu. Samningurinn felur í sér hækkun á framlagi til lífeyrissjóða. Þá er ákvæði um prósentuhækkanir sem notaðar verða til þróunar launakerfisins. Viðræður um þá þróun hefjast um miðjan mars 2007.

4. Útgáfumál

Heimasíðan

Á heimasíðunni er aðgangur að upplýsingum en einnig er heimasíðan fréttamiðill félagsins. Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands áforma gerð nýrrar heimsíðu fyrir félögin. Leitað var til SV um þátttöku í þeirri vinnu. Ákveðið var að koma ekki að verkefninu að þessu sinni. Núverandi heimasíða þjónar félagsmönnum ágætlega og þátttaka því ekki talin réttlæt看legt frá kostnaðarlegu sjónarmiði.

Verktækni

Eins og undanfarin ár var Verktækni gefið út í samvinnu við VFÍ og TFÍ. Sigrún S. Hafstein er ritstjóri blaðsins. Laun ritsjóra og aðstaða er fjármögnuð með beinum framlögum frá félögum þremur. Prentvinnslufyrirtækið Grafík sér um prentvinnslu og dreifingu blaðsins og er sá hluti útgáfunnar fjármagnaður með auglýsingum sem Grafík sér um að selja. Bryddað var upp á þeirri nýjung að gera blaðið aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðu SV árið 2005. Félagið hefur verið sýnilegt í blaðinu á liðnu starfsári, líkt og verið hefur, og framkvæmdastjóri SV ötull við að skrifa í blaðið. Blaðið er kjörinn vettvangur til að koma á framfæri efni til að vekja félagsmenn til umhugsunar um kjaramál í víðum skilningi.

Í ritnefnd eru :

- Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður, fyrir SV
- Ólafur Pétur Pálsson fyrir VFÍ
- Árni Þór Árnason fyrir TFÍ

Orlofssjóður

Sumarbækling Orlofssjóðsins fyrir sumarið 2007 er að finna á heimasíðu SV. Í bæklingnum eru myndir, kort, upplýsingar og gagnvirkir tenglar á þá staði sem verið er að leigja út.

5. Kjarakannanir

Fastur liður í starfsemi félagsins er gerð og útgáfa kjarakönnunar á meðal verkfræðinga einu sinni á ári. Kjarakönnun 2007 er í vinnslu og verður send út fljótlega eftir aðalfund. Á undanförunum árum hefur kjarakönnunin leitt í ljós kynbundin launamun innan stéttarinnar. Með hliðsjón af lagalegri skyldu SV sem stéttarfélags að "vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði", eins og segir í 13. gr. jafnréttislaga, verður reynt að greina betur þennan launamun eftir því sem kostur er. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands sér alfarið um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Ráðgert er að niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir í byrjun júní.

Markaðslaunataflan var gefin út að venju en hún nýtist vel þeim félagsmönnum SV sem starfa á almennum markaði. Fyrir þann hóp gerir félagið ekki almenna kjarasamninga.

Fyrir dyrum stendur að fara í gerð nýrrar kjarakönnunar á meðal félagsmanna sem eru starfandi á FRV stofum en síðasta könnun fór fram á árinu 2004.

6. Norrænt samstarf

IDA fjallar um feðraorlof

Síðsumars 2006 kom boð frá IDA (Ingeniörförbundet i Danmark), danska verkfræðingafélaginu, á ráðstefnu í september sem fjallaði um töku feðra í stéttinni á fæðingarorlofi. Þar sem Ísland hefur töluverða sérstöðu í þessum efnum var óskað eftir framsögu um hina íslensku löggjöf og reynslu af henni á meðal verkfræðinga. Fulltrúar hinna félaganna á Norðurlöndunum sögðu frá því hvernig þessum málum væri háttað í viðkomandi landi. Formaður SV tók þátt í ráðstefnunni og hélt erindi um reynslu íslendinga af töku feðraorlofs.

NIL 43

Frá 13.-14. september 2006 var haldinn norrænn fundur um kjaramál verkfræðinga, NIL (Nordiska Ingenjörslönemötet). Þetta er árlegur samráðsfundur og var hann að þessu sinni haldinn í Reykjavík. Fyrir hönd SV sóttu fundinn Jóhanna H. Árnadóttir formaður, Sveinn V. Árnason varaformaður og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri.

Á fundinn mæta fulltrúar frá öllum verkfræðingafélögum á Norðurlöndum. Af hálfu KTFÍ sóttu fundinn að þessu sinni Bjarni Bentsson, formaður og Jón Ísaksson Guðmann varaformaður. Á

NIL fundi mæta þeir starfsmenn norrænu félaganna sem hafa með samningamál og kjaramál að gera. Kynntar eru nýjungar í starfi félaganna og farið yfir starfseminu á liðnu ári.

Næst fundur verður í Noregi og að tillögu SV verður þar meðal annars fjallað um lífeyrismál en á þeim vettvangi höfum við Íslendingar mikið til málanna að leggja.

7. Kynningarmál

Nemar í HÍ

Í samvinnu við VFÍ heimsóttu formaður og varaformaður SV 1. árs verkfræðinema í HÍ í september. Félagið var kynnt og þjónusta þess. Í mars mánuði er fyrirhuguð heimsókn til verkfræðinema HÍ en þeir eru mjög áhugasamir um að fræðast um starfsemi SV. Nauðsynlegt er að víkka þennan þátt í starfseminni út enn frekar og auka kynningu til verkfræðinema. Með það að markmiði ákvað stjórn SV að kynna félagið í bréfi til þeirra sem útskrifast á Íslandi.

Nemar í HR

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri heimsóttu nema í HR 26. janúar 2007. Heimsóknin var sameiginleg með VFÍ og þar voru félögin kynnt. Mikill áhugi kom fram hjá nemum og kom fram ósk hjá þeim um nánari kynningar. Framkvæmdastjóri SV hélt stutta kynningu fyrir nemana um ráðningar og launaviðtöl í lok febrúar. Hjá þeim kom fram eindregin ósk um að geta gerst félagar í SV eftir tveggja ára nám.

Nemar við DTU í Kaupmannahöfn.

Framkvæmdastjóri hélt kynningarfund í febrúar 2007 í Kaupmannahöfn fyrir nema í verkfræði í DTU. Ætlunin var að halda einnig fund í Álaborg en vegna óveðurs varð að fella þann fund niður. Fundurinn í Kaupmannahöfn var vel sóttur. Nemendur voru áhugasamir um að fræðast um þjónustu og starfsemi félagsins og að hverju er að hyggja þegar farið er út á vinnumarkaðinn. Þeir lýstu sérstakri ánægju með heimsóknina.

8. Samstarf við önnur félög.

Stéttarfélag tölvunarfræðinga

SV hefur í rúm sex ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST). Nú eru um 80 tölvunarfræðingar í ST. Um er að ræða tölvunarfræðinga utan kjarasamninga sem gera einstaklingsbundna ráðningarsamninga.

Félag Tæknimanna Landsvirkjunar

Síðan á árinu 2004 hefur SV séð um rekstur Félags Tæknimanna Landsvirkjunar (FTL) sem er stéttarfélag tæknimanna hjá Landsvirkjun og Landsneti. Félagið er samningsaðila þessara starfsmanna gagnvart fyrirtækjunum. Nú eru um 50 félagsmenn í félaginu en af þeim eru milli 5-10 þegar félagar í SV. Í félaginu eru auk verkfræðinga, tækni-fræðingar, tölvunarfræðingar o.fl. Félagsmenn FTL hafa nýverið óskað eftir aðild að Orlofssjóði SV.

Stéttarfélag byggingarfræðinga

Í september 2005 var skrifað undir samning við Stéttarfélag byggingarfræðinga (SFB) um rekstur félagsins. Félagsmenn greiða í sjúkra- og orlofssjóð SV og eru allir með einstaklingsbundna ráðningarsamninga. Félagar eru nú um 55. Samningur félaganna er mjög hagstæður fyrir báða aðila og fellur vel að starfsemi SV.

Launþegafélag arkitekta

Meðal arkitekta er áhugi á að gera rekstrarsamning við SV líkt og SFB hefur gert. Viðræður um samstarf eru að fara af stað og verður það verkefni nýrrar stjórnar SV að taka endanlega ákvörðun hvort gengið verður til samninga við félagið.

VFÍ og TFÍ

Á starfsárinu var hafist handa á því verkefni að auka samstarf á milli SV, TFÍ og VFÍ. Haldnir voru tveir formannafundir þar sem formenn og varaformenn félagann þriggja voru boðaðir. SV óskaði formlega eftir því við VFÍ að geta sent vafamál í umsóknum um félagsaðild til umsagnar hjá menntamálanefnd VFÍ og fékk erindið jákvæðar undirtektir.

ENSÍM nefnd

Fulltrúi SV í ENSÍM nefndinni er Ragnar Hauksson.

9. Orlofsmál

Orlofssjóður Stéttarfélags verkfræðinga (OSV) hefur starfað frá árinu 1997. Félagar í orlofssjóðnum eru allir félagsmenn stéttarfélagsins sem greitt er fyrir í sjóðinn. Í sjóðinn er nú greitt fyrir verkfræðinga hjá ríki og Reykjavíkurborg og sveitarfélögum auk flestra á almennum markaði að undanskildum verkfræðistofum, nema í undartekningartilfellum.

Búið er að senda út umsóknarblað fyrir sumarúthlutun 2007 og er skilafrestur umsókna til 4. apríl.

Orlofssjóðurinn á tvo bústaði og eru þeir staðsettir í landi Hraunborga í Grímsnesi. Annar bústaðurinn var tekinn í notkun 2001 en hinn var tekinn í notkun í júní 2003. Allir aðrir gistimöguleikar sem sjóðurinn býður upp á eru leigðir af utanaðkomandi aðilum og áframleigðir til félagsmanna.

Í stjórn Orlofssjóðs sitja:

- Kristján M. Ólafsson
- Sigurður Áss Grétarsson
- Sveinn Víkingur Árnason
- Þórir Guðmundsson

10. Lögfræðiaðstoð

SV greiddi kr. 1.945.000 í lögfræðiaðstoð á árinu. Lögfræðiaðstoð til félagsmanna er einn af hornsteinum starfsemi félagsins. Því miður þurfti fjöldi félagsmanna á slíkri aðstoð að halda á starfsárinu. Kom þá berlega í ljós hve mikilvægur bakhjarl SV er.

Mál félagsmanns vegna kröfu um að skrifa upp á einkaleyfi vannst í Héraðsdómi Reykjavíkur. Félagismaðurinn hafði skrifað upp á einkaleyfið á Íslandi en fullyrti að því hefði verið breytt og neitaði því að skrifa undir. Ekki er vitað á þessari stundu hvort málinu verði áfrýjað af hálfu sækjanda.

11. Umsagnir um lagafrumvörp

Félagið veitti ekki umsögn um lagafrumvarp á starfsárinu. Það heldur þó vöku sinni og fylgist vel með þeim frumvörpum sem varða hagsmunum félagsmanna beint og óbeint.

12. Vistabönd í ráðningarsamningum

Lögfræðingur SV, Lára V. Júlíusdóttir vinnur að tillögum um lagasetningu um samkeppnisákvæði á ráðningarsamningum. Slík ákvæði hafa mikið verið til umræðu m.a. á norrænum fundum sem fulltrúar SV hafa sótt.

13. Stefnumótun

Haustið 2006 vann stjórn SV að endurskoðun stefnumótunar félagsins 2003-2008. Endurskoðaða stefnumótun má finna á heimasíðu félagsins.

14. Önnur starfsemi SV

Sjúkrasjóður SV

SV hefur um árabíl rekið sjúkrasjóð fyrir félaga sína. Sjóðurinn er mjög öflugur tryggingarsjóður fyrir verkfræðinga á almennum markaði og er sjóðsaðild háð því að vinnuveitendur greiði lögbundið iðgjald til sjóðsins. Gerð var tryggingarfræðileg úttekt á sjóðnum og kom í ljós að hann stendur mjög traustum fótum. Stjórn hefur því unnið að tillögum á breytingum á reglugerð sjóðsins með það fyrir augum að auka tryggingarvernd sjóðfélaga.

Í stjórn sjóðsins eru:

- Daði Jóhannesson
- Kristján M. Ólafsson
- Sigurður E. Guttormsson

Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV

Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV er eins konar sjúkrasjóður fyrir verkfræðinga sem starfa í opinbera geiranum.

Í stjórn sjóðsins eru:

- Auður Ólafsdóttir
- Hulda Guðmundsdóttir

Á starfsárinu var unnið að endurskoðun starfsreglna sjóðsins og mun þeirri vinnu ljúka á vormánuðum.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður, Starfsmenntunarsjóður.

Starfsemi sjóðanna dróst nokkuð saman á árinu og hlutu 73 verkfræðingar viljrði um styrk úr sjóðunum. Er það mikil fækkun frá árinu á undan. Ljóst er að hvetja þarf félagsmenn, sem aðild eiga að þessum sjóðum, að sækja um styrki til endurmenntunar. Hún er eitt beittasta vopnið í sókn til hærri launa.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður er rekinn fyrir verkfræðinga hjá ríkinu og Starfsmenntunarsjóður fyrir verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Í stjórn Starfsmenntunarsjóðs sitja:

- Árni Ísberg
- Þorsteinn Sigurjónsson

Í stjórn Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs sitja:

- Helgi Jóhannesson
- Sigurður Sigurðarson

15. Niðurlag

Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn SV og starfsmönnum félagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem og öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn í starfi félagsins. Það hefur verið stefna stjórnar SV að halda félagsgjöldum lágum en auka tekjur með fjölgun félaga, bættri innheimtu og aðhaldi í rekstri. Áfram verður unnið með það að leiðarljósi en starfsemi SV hefur eflst ár frá ári. SV er öflugt félag sem kappkostar að veita félagsmönnum sínum góða þjónustu. Ég vil þó benda á að gæði þeirra þjónusta sem félagsmenn fá er fólgin í sérþekkingu og reynslu þess sem hana veitir. Æskilegt að fleiri en einn starfsmaður hafi yfir slíkri þekkingu að ráða. Afkoma félagsins er góð og því tímabært að huga að þeim möguleika hvort ekki sé ástæða til bæta við sérhæfðum starfskrafti.

Fyrir hönd stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga

Jóhanna H. Árnadóttir
Formaður